
GREINARGERÐ Í KJÖLFAR MÁLÞINGS UM VISTKERFISNÁLGUN




MÁLÞING UM VISTKERFISNÁLGUN í umgengni við og nýtingu náttúru Íslands

21. september, kl. 9.00 - 12.30
Hilton Reykjavík Nordica



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

BIODICE



BIODICE

Greinargerð í kjölfar málþings um vistkerfisnálgun,
unnin fyrir matvælaráðuneytið
DOI: 10.33112/BIO2023562

BIODICE, 27. október 2023
Reykjavík, Ísland

Ritstjórn og samsetning: Skúli Skúlason^{1,2}, Ole Martin Sandberg², Snorri Sigurðsson³, Ragnhildur Guðmundsdóttir² og Tómas Grétar Gunnarsson⁴.

Frummælendur á málþinginu sem allir lögðu til efni í greinargerðina og lásu hana yfir: Skúli Skúlason, Snorri Sigurðsson, Bryndís Marteinsdóttir⁵, Edda Sigurðís Oddsdóttir⁶, Hrönn Egilsdóttir⁷, Sigurður Torfi Sigurðsson⁸, Oddný Steina Valsdóttir⁹, Lísanna Libungan¹⁰, Sveinn Margeirsson¹¹, Kristján Þórarinnsson¹¹, Björg Ágústsdóttir¹² og Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir¹³.

Fulltrúar BIODICE sem ásamt fleirum komu að faglegum undirbúningi málþingsins og/eða lásu yfir greinargerð: Ása L. Aradóttir¹⁴, Ingibjörg Svala Jónsdóttir⁴, Hafdís Hanna Ægisdóttir⁴, Þorvarður Árnason⁴, Kristín Svavarsdóttir⁵, Davíð Gíslason¹⁵, Bjarni Kristófer Kristjánsson¹, Þóra Ellen Þórhallsdóttir⁴, Ísabel Barrio¹⁴, Sveinn Kári Valdimarsson²², Snæbjörn Pálsson⁴, Kristinn Pétur Magnússon¹⁶, Starri Heiðmarsson¹⁷, Steven Cronshaw¹⁸, Gunnar Hersveinn¹⁹, Christophe Pampoulie⁷, Rannveig Magnúsdóttir²⁰ og Anthony Schultz²¹.

BIODICE vill þakka mjög gott samstarf við matvælaráðuneytið um þetta áhugaverða verkefni. Þá vill BIODICE þakka Halldóri Þorgeirssyni fyrir fundarstjórn á málþinginu og öllum þeim sem á einn eða annan hátt tóku þátt í framkvæmd þess og frágangi þessarar greinargerðar.

BIODICE er samstarfsvettvangur einstaklinga, stofnana og fyrirtækja sem hefur að markmiði að efla þekkingu og skilning á líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi.

¹Háskólinn á Hólum; ²Náttúruvísindasafn Íslands; ³Náttúrufræðistofnun Íslands; ⁴Háskóli Íslands; ⁵Landgræðslan; ⁶Skóg-
ræktin; ⁷Hafrannsóknastofnun; ⁸Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins; ⁹bóndi Butru; ¹⁰Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi; ¹¹sjá-
varútvegsfyrirtækið Brim; ¹²bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar; ¹³Ungir umhverfissinnar; ¹⁴Landbúnaðarháskóli Íslands;
¹⁵MATÍS; ¹⁶Háskólinn á Akureyri; ¹⁷Náttúrustofa Norðurlands vestra; ¹⁸University of Northern British Columbia;
¹⁹Reykjavíkurborg; ²⁰Landvernd; ²¹Forest Research, Scotland; ²²Matvælaráðuneytið.

<https://biodice.is>
biodice@nmsi.is

BIODICE

Efnisyfirlit

Bakgrunnur	2
Skipulag málþings og framkvæmd	3
Helstu niðurstöður og sjónarmið málþings	4
Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar	9
Tillögur BIODICE um aðgerðir til að greiða fyrir innleiðingu vistkerfisnálgunar	13
English Summary	22
Main Conclusions from the Symposium	24
Broader Concerns and Recommendations	26
Concrete Proposals from BIODICE	27
Appendix: Short guide to the ecosystem approach	30
Viðauki: lýsing og dagskrá málþingsins	35

Bakgrunnur

Ný stefna *Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni* var samþykkt á aðildarríkjaþingi samningsins í desember 2022. Hún gengur undir heitinu *Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework* eða GBF. Varðandi innleiðingu markmiða stefnunnar segir í texta samþykktarinnar að stefnan skuli innleidd með vistkerfisnálgun (e. *ecosystem approach*).

Í nýjum stefnum matvælaráðuneytisins er mikil áhersla lögð á vistkerfisnálgun. Í matvælastefnu til ársins 2040 birtist m.a. sú framtíðarsýn að „framleiðsla sem byggist á nýtingu lifandi auðlinda standist öll viðmið um sjálfbærni nýtingar og hafi vísindi vistkerfisnálgunar og varúðar að leiðarljósi.“ Í landbúnaðarstefnu kemur fram áhersla á að „landnotkun í landbúnaði tryggji verndun og endurheimt viðkvæmra og mikilvægra tegunda og vistkerfa til að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni með vísindi vistkerfisnálgunar að leiðarljósi.“ *Land og líf*, stefna stjórnvalda fyrir landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 leggur áherslu á að „efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar.“ Í aðgerðaáætlunum fyrir ofangreindar stefnur þarf að skilgreina hvernig vistkerfisnálgun er innleidd í stjórnun nýtingar og framleiðsluháttum þeirra greina sem matvælaráðuneytið fer með. Stuttu áður en málþingið var haldið var skýrslan *Auðlindin okkar – sjálfbær sjávarútvegur* kynnt og sett í samráðsgátt stjórnvalda en hún er viðamikil samantekt nefndar og starfshópa hennar um áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum. Nokkru síðar kynnti matvælaráðuneytið drög að nýrri stefnu í lagareldi, *Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040*. Í þessari stefnu, og í *Auðlindinni okkar* er lögð áhersla á beitingu vistkerfisnálgunar.

Í ljósi þessa taldi matvælaráðuneytið að þörf væri á faglegri rýni og ráðgjöf um hvernig best væri að því staðið að innleiða vistkerfisnálgun, sem og að auka almenna umfjöllun og umræðu um málefnið. Matvælaráðuneytið leitaði því til BIODICE í júní 2023 og ákvörðun var tekin um að halda málþing 21. september 2023 um vistkerfisnálgun í samstarfi MAR og BIODICE með áherslu á málaflokka matvælaráðuneytisins. BIODICE hafði nokkru áður kynnt starfsemi sína fyrir matvælaráðherra. BIODICE er samstarfsvettvangur einstaklinga, stofnana og fyrirtækja sem hefur að markmiði að efla þekkingu og skilning á líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi (sjá biodice.is). Innan BIODICE er sameinuð mikil sérfræðiþekking sem getur nýst til að ramma betur inn hvernig megi móta og fylgja eftir þeirri framtíðarsýn og áherslum sem settar hafa verið fram í stefnumörkun stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og sem koma einnig fram í áherslum alþjóðastofnanna. Þetta ár stendur BIODICE fyrir *Hátíð líffræðilegar fjölbreytni* sem samanstendur af fjölbreyttum viðburðum og ákveðið var að málþingið yrði hluti hátíðarinnar.

Matvælaráðuneytið og BIODICE ákváðu að á málþinginu skyldi m.a. verða fjallað um:

- Alþjóðasamninga og stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi líffræðilega fjölbreytni og vistkerfisnálgun, samhengi og hugtakanotkun.
- Túlkun hugtaksins og hvernig vistkerfisnálgun ætti að birtast í málaflokkum matvælaráðuneytisins: Sjávarútvegi, landbúnaði þ.m.t. landgræðslu og skógrækt, lagareldi og lífríki ferskvatns.
- Vistkerfisnálgun í samhengi loftslagsmála og skipulagsáætlanir sem stjórnþæki fyrir vistkerfisnálgun og til verndar líffræðilegri fjölbreytni í sjálfbærri auðlindanýtingu.

Í kjölfar málþingsins tæki BIODICE saman helstu sjónarmið sem fram komu auk tillagna um þau lykilatriði sem eru grundvöllur þess að vistkerfisnálgun sé viðhöfð fyrir mismunandi framleiðslugreinar, sem og aðgerðir við innleiðingu hennar og beitingu. Slík samantekt myndi nýtast við mótun aðgerðaáætlana fyrir málaflokka ráðuneytisins.

Skipulag málþings og framkvæmd

Sérfræðingateymi BIODICE sá um faglegan undirbúning málþingsins í samráði við skrifstofu sjálfbærni innan matvælaráðuneytisins. Þegar niðurstaða var komin um faglega nálgun og grunnskipulag málþingsins var dagskrá málþingsins mótuð. Til að ná fram markmiðum þess var lögð áhersla á annars vegar að sérfræðingar – m.a. frá Landgræðslunni, Skógræktinni og Hafrannsóknastofnun (fagstofnunum MAR) - skýrðu hugtök, sögu, alþjóðlegt og íslenskt samhengi og veittu stöðumat um vistkerfisnálgun í umgengni við og nýtingu náttúru; og hins vegar að hagaðilar lýstu reynslu sinni og sjónarmiðum af auðlindanýtingu í sátt við náttúruna og vistkerfisnálgun. Nánari upplýsingar um erindi og frummælendur má sjá í dagskrá málþingsins sem er í Viðauka. Hér má nálgast upptöku af þinginu: <https://youtu.be/Qeopjx5clw4>. Með þessu fengist mikilvæg tenging fagaðila og hagaðila sem er þáttur í að ná samræmdri sýn á stöðu mála um vistkerfisnálgun hérlendis. Til að tryggja gagnsemi þessa samtals á málþinginu var í undirbúningnum lögð áhersla á gott upplýsingaflæði og samráð allra sem að málþinginu komu, t.d. með því að deila upplýsingum um faglegan grunn og uppbyggingu erinda milli frummælenda fyrir málþingið. Sömu leiðis var í aðdraganda málþingsins haldinn óformlegur fundur þeirra sérfræðinga sem voru

með inngangserindið og hagaðilanna sem voru með framsögur. Þessi nálgun er í anda vinnubragða vistkerfisnálgunar. Tímarammi málþingsins var afmarkaður svo hér gafst ekki kostur á að vera með viðamiknið yfirlit yfir allar framleiðslugreinar en reynt var að gefa eins vítt sjónarhorn og hægt var.

Málþingið fór fram á Hilton Reykjavík Nordica og var því einnig streymt. Þátttaka var mjög góð, um 60 manns voru í sal og a.m.k. 300 fylgdust með streyminu.

Í undirbúningi var lögð áhersla á að vinna með skilgreiningu og leiðbeiningar *Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD)* á grundvallarhugtökum.

Hér á eftir kemur samantekt á helstu niðurstöðum og sjónarmiðum sem komu fram á málþinginu. Síðan verður gerð grein fyrir lykilatriðum við innleiðingu og beitingu vistkerfisnálgunar og í kjölfarið verða tíundaðar tillögur BIODICE um sérstakar aðgerðir til að greiða fyrir innleiðingu vistkerfisnálgunar. Að lokum er ítarleg samantekt á efni greinargerðarinnar á ensku.

Skilgreining CBD á vistkerfisnálgun er: „Vistkerfisnálgun er þegar stjórnun á notkun lands, lagar og lifandi auðlinda er samræmd og hvetur til verndunar og sjálfbærrar nýtingar með jafnrétti að leiðarljósi. Þess vegna styður beiting vistkerfisnálgunar við öll þrjú meginmarkmið aðildarþjóðanna: verndun líffræðilegrar fjölbreytni; sjálfbæra nýtingu og sanngirni og jafnræði við nýtingu erfðaauðlinda.“

<https://www.cbd.int/decision/cop/?id=7148>

Skilgreining CBD á vistkerfi er: „Vistkerfi vísar til kvikra tengsla samfélaga jurta, dýra og örvera og hins ólífræna umhverfis þeirra sem starfrænnar heildar.“

<https://www.cbd.int/convention/articles/?a=cbd-02>

Skilgreining CBD á líffræðilegri fjölbreytni er: „Líffræðileg fjölbreytni merkir breytileiki meðal lífvera í margbreytilegu umhverfi, þar með töldum meðal annars vistkerfum á landi, í sjó og vötnum og þau vistfræðilegu kerfi sem þær eru hluti af; þetta nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og meðal vistkerfa.“

<https://www.cbd.int/convention/articles/?a=cbd-02>

Útfærsla og beiting þessara hugtaka var skýrð í inngangsfyrirlestri sérfræðinga BIODICE (sjá dagskrá málþings í Viðauka).

Helstu niðurstöður og sjónarmið málþings

Hér á eftir fer samantekt á því sem fram kom á málþinginu. Þessi texti er unninn í samráði við alla frummælendur, sérfræðinga og hagaðila, sem einnig lásu yfir lokadrög að greinargerðinni í heild.

Vistkerfisnálgun er alþjóðlegt áherslumál og Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamningum þar sem aðferðafræði og beiting vistkerfisnálgunar er lykilatriði.

Mikilvægt er að skoða framkvæmd samninganna í samhengi. Eitt stærsta dæmið er aðild Íslands að *Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni*, en á COP-15 fundi samningsins í desember 2022 voru samþykkt metnaðarfull markmið, *Global Biodiversity Framework*, um verndun, sjálfbæra nýtingu og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni þar sem aðferðafræði vistkerfisnálgunar er lögð til grundvallar. Þar eru skilgreind annars vegar fjögur meginmarkmið til ársins 2050 og hins vegar 23 aðgerða / málefna markmið til ársins 2030. Miklar áskoranir blasa við ef þessi markmið eiga að nást t.d. um virka verndun (*effective conservation and management*) 30% land- og hafsvæða fyrir árið 2030.

Skýr samhljómur var meðal allra aðila sem komu fram á málþinginu að vistkerfisnálgun er nauðsynleg og tímabært að innleiða hana hérlendis með skipulegum hætti. Samstaða var um að efla þurfi menntun og fræðslu um vistkerfisnálgun og líffræðilega fjölbreytni á öllum stigum samfélagsins – bæði til að skilgreina og skýra hugtökin og til að stuðla að skynsamlegri beitingu þeirra í fjölbreyttum aðstæðum. Stórauka þarf þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni og starfsemi vistkerfa og hún samræmd eins og kostur er, það greiði fyrir betri sameiginlegum skilningi og almennri þekkingarmiðlun.

Fræðsla og menntun þarf að fela í sér samtal allra aðila og byggja á reynslu og þekkingu framkvæmdaaðila – bænda, sjómanna og fyrirtækja – og þekkingu fengna með vísindalegum nálgunum. Þekkingu úr ólíkum áttum þarf að tengja saman með mun markvissari hætti en nú er, enda einn lykilþáttur vistkerfisnálgunar. Slík samræmd þekking þarf að skila sér til rétttra aðila og vera nýtt í stefnumótun, framkvæmdaáætlunum og ákvarðanatöku. Fram kom t.d. að umtalsvert samstarf er á milli fagaðila og sjómanna við mat á nytjastofnum en jafnframt lögð áhersla á að þörf sé á stóruknu samtali og upplýsingaflæði milli sjómanna, vísindasamfélagsins og stjórnvalda. Vistkerfisnálgun er vegferð sem krefst yfirsýnar, þverfaglegrar þekkingar og samstarfs. Í stuttu máli þarf að koma vistkerfisnálgun á dagskrá í samfélaginu og að hún njóti forgangs við mótun áætlana og framkvæmda.

Þó að góður vilji hafi verið til að stunda auðlindanýtingu í anda vistkerfisnálgunar á ýmsum sviðum hérlendis stöndum við frammi fyrir margvíslegum alvarlegum vandamálum tengdum ósjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, framandi ágengum tegundum, röskun búsvæða, mengun og áhrifum loftslagsbreytinga. Allt eru þetta atriði sem eru vel þekkt um heim allan og tengjast ekki síst matvælaframleiðslu á einn eða annan hátt. Sameinuðu þjóðirnar lýsa þessari stöðu mála sem hnattrænu neyðarástandi, að úrlausn þess krefjist viðamikilla hugarfarsbreytinga og breyttra samræmdra viðbragða sem séu skoðuð samhliða öðrum lykilmálefnum á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála. Nauðsynlegt er að

staðbundnar nálganir séu samræmdar og settar í alþjóðlegt samhengi, svo sem ábyrgð Íslands á lífverum sem ferðast um heiminn eins og farfuglum og hvölum sem byggja afkomu sína á búsvæðum hérlendis.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að læra af sögunni og af reynslu erlendis frá við innleiðingu heildstæðrar vistkerfisnálgunar. Maðurinn er hluti af náttúrunni og með vistkerfisnálgun beinum við sjónum okkar að stöðu okkar í vistkerfunum sem við tengjumst og tökum mið af hvernig afkoma okkar og annarra lífvera er háð heilbrigðri starfsemi þeirra. Hér þarf að viðhafa aðferðafræði aðlögunarstýrðrar auðlindanýtingar (e. *adaptive management*) sem felur í sér sífellda innleiðingu nýrrar þekkingar, reglulega endurskoðun samhliða aðlögun aðgerða og vinnubragða til að finna bestu leiðina. Þetta krefst oft en ekki forgangsröðunar, mats á fórnarkostnaði (e. *trade-offs*) og langtímaaðgerða eins og verndunar svæða / vistkerfa. Hér þarf að taka með í reikninginn að þekking mannsins á eðli og starfsemi vistkerfa verður að sjálfsögðu aldrei endanleg og mun alltaf fela í sér ákveðna óvissu. Aðlögunarstýring er hornsteinn innleiðingar vistkerfisnálgunar.

Bjartsýni ríkti í máli frummælenda um að möguleikar og tækifæri til heildstæðrar vistkerfisnálgunar hérlendis væru umtalsverð og innleiðingin afar mikilvæg, ekki síst í ljósi sérstæðrar náttúru landsins.

Margar alþjóðlegar skuldbindingar atvinnustarfsemi um auðlindanýtingu taka mið af líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfisnálgun, svo sem innleiðingu CSRD (sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja í Evrópu) sem byggir á ESRS reikningsskilastöðlum (ítarleg upplýsingagjöf um jákvæð og neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, hvaða aðgerðir fyrirtæki taka og hvernig þær birtast í viðskiptamódeli og stefnu þeirra). Sjálfbær þróun í auðlindanýtingu er einnig forsenda gæðaviðmiða svo sem alþjóðlegrar vottunar fiskveiða og markaðssetning íslenskra landbúnaðarvara hefur sjálfbæra nýtingu og umhverfismál að leiðarljósi. Taka þarf fullt mið af alþjóðlegum skuldbindingum okkar og nota leiðsögn alþjóðlegra samninga eins og við á við innleiðingu vistkerfisnálgunar hérlendis. Í þessu sambandi var bent á gagnsemi þess að nota viðeigandi erlend dæmi um innleiðingu vistkerfisnálgunar t.d. til að stuðla að sjálfbærri nýtingu í landbúnaði og jafna stöðu bænda. Í stefnu Bændasamtaka Íslands stendur: „Náttúruvernd og endurheimt landgæða á að vera sjálfsagður hluti landnýtingar. Miklir möguleikar geta falist í því að vernda eða friðlýsa ákveðin svæði og endurheimta vistkerfi.“

Ánægja var með að matvælaráðuneytið hafi innleitt vistkerfisnálgun í stefnur sínar, en jafnframt bent á að mikið vanti á að hún sé viðhöfð í framkvæmdaáætlunum og þörf sé á að skrifa vistkerfisnálgun með skýrari hætti inn í lög og reglugerðir. Hérlendis kemur

formleg innleiðing vistkerfisnálgunar aðallega fram sem afmarkaður hluti af aðferðafræði við umhverfismat áætlana og framkvæmda og að hluta við veiðiráðgjöf nytjastofna í sjó. Fræðasamfélagið og framkvæmdaaðilar eru sammála um að innleiða vistkerfisnálgun með enn öflugri hætti í verkefni sín, en mörg afmörkuð dæmi má finna nú þegar þar sem vistkerfisnálgun er viðhöfð eða höfð til hliðsjónar. Til dæmis er stefna matvælaráðuneytisins um vistkerfisnálgun í flestum tilfellum til staðar varðandi vistkerfi lands og mörg dæmi um verkefni bæði rannsóknarstofnana og hagaðila sem taka á þessu, en aftur á móti hefur ekki tekist að innleiða vistkerfisnálgun nógu vel í nýtingu okkar og framleiðsluhætti tengda þessum vistkerfum. Of stórt bil er á milli faglegrar þekkingar og framkvæmdar.

Heilt yfir er staða þekkingar á lífverum og vistkerfum hérlendis of lítil og brotkennd (e. *fragmented*) og þörf er á stóratáki í grunnrannsóknum og vöktunarrannsóknum.

Móta þarf leiðir til að niðurstöður vísindarannsókna skili sér til stefnumótunar og framkvæmdaáætlana. Þannig vantar of oft grunn gögn um útbreiðslu og stöðubreytingar mikilvægra lífvera og vistkerfa sem gera á áætlanir um. Við höfum gjarnan yfirsýn yfir afmarkaða þætti vistkerfa og nýtingar en kerfisbundinni nálgun er ábótavant. Í þessu samhengi er mikilvægt að stuðla að skilvirku rannsóknasamstarfi fyrirtækja og stofnana. Dæmi um það er samstarf Hafrannsóknastofnunar og uppsjávarútgerða. Vistkerfisnálgun er í eðli sínu samfélagslegt hlutdeildar- og samráðsverkefni og góð markmiðssetning og árangur má ekki líða fyrir þekkingarskort eða ójafnvægi í vitneskju. Ef litið er til vöktunar og rannsókna á lífríki sjávar þá er vissulega um afar viðamikil verkefni að ræða og þekking nær til afmarkaðra hluta kerfisins. Hér er unnið með hliðsjón af vistkerfisnálgun m.a. með samstarfi um stefnu og ráðgjöf Alþjóða Hafrannsóknastofnunarinnar (ICES), t.d. með viðamikilli vöktun og mati á nytjastofnum. Veiðiráðgjöfin nýtur alþjóðlegrar athygli. Aflaregla fyrir þekkta nytjastofna er dæmi um viðmið um heilbrigða stöðu stofna lífvera í vistkerfi og er forsenda skynsamlegrar áætlanagerðar og ráðgjafar. Fjölstofnarannsóknir og tilraunir til að skilgreina vistkerfin (t.d. *ecosystem overview*) eru dæmi um nauðsynleg fyrstu skref vistkerfisnálgunar. Svona skilgreiningar vistkerfa eru þekktar í afmörkuðum vistkerfum á landi, t.d. Mývatnssvæðinu, en mætti innleiða með mun skipulagðri hætti hérlendis. Aukin þekking á vistkerfum er forsenda þess að hægt sé að þróa áreiðanleg viðmið um stöðu þeirra og seiglu. Þá þekkingu má nota við mat á verndun og sjálfbærri nýtingu og viðbrögðum ef vikið er frá þeim viðmiðum.

Skipulag landsvæða er mikilvæg leið til að innleiða vistkerfisnálgun, skapa fjölbreytt tækifæri í verndun og auðlindanýtingu, og þetta krefst skipulagðs átaks strax. Hér er hlutverk sveitarfélaga afar mikilvægt og hægt er að ná miklum árangri með góðri samvinnu þeirra í milli, og við hagaðila og íbúa. Staða mála á Snæfellsnesi er gott dæmi um þetta þar sem t.d. hefur

verið settur á fót Svæðisgarður í samstarfi fjögurra sveitarfélaga og margra félagasamtaka. Huga þarf að fjármögnun sveitarfélaga í samvinnu við ríkið sem hvatningu til vistkerfisnálgunar í skipulagi svæða. Stærstur hluti líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi er enn utan verndaðra svæða svo taka þarf tillit lífríkis við hvers kyns nytjar. Skipulag landsvæða getur verið mikilvægur þáttur í að ná þessu markmiði.

Hlutdeild hagaðila, fagfólks og samfélagsins alls við mótun opinberrar stefnu (bæði ríkis og sveitarfélaga), framkvæmda- og skipulagáætlana og innleiðingu aðgerða sem hafa vistkerfisnálgun að leiðarljósi er grundvallaratriði, og samráð verður að vera á öllum stigum slíkra verkefna. Upplýst umræða allra þessara aðila er mikilvæg. Almenn ánægja var meðal þátttakenda um þetta ákveðna málþing sem dæmi um vilja matvælaráðuneytisins í þessum efnum og sérstaklega bent á að í ávarpi sínu í upphafi þingsins lagði matvælaráðherra áherslu á þetta.

Áhersla var lögð á mikilvægi þess að fleiri ráðuneyti, svo sem umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið, forsætisráðuneytið, innviðaráðuneytið og fjármálaráðuneytið þurfi að koma að umræðunni og taka saman höndum í innleiðingu vistkerfisnálgunar í auðlindanýtingu. Samræmd sýn og stefna og samstarf milli allra málaflokka ríkisvaldsins er ein meginforsenda vistkerfisnálgunar. Fram kom að samræmdri stýringu notkunar lands, lagar og lifandi auðlinda sé ábótavant héraendis. Ólíkar atvinnugreinar verði að vinna saman og stefnt skuli að samræmdri vistkerfisnálgun. Tími til aðgerða sé núna m.a. vegna hraðrar þróunar nýrrar atvinnustarfsemi, svo sem auknu lagareldi, og vel þekktu umhverfisvandamála því tengdu. Mikilvægt er að vanda til verka, flýta sér ekki um of, leita þekkingar víða og hafa víðtækt og gott samráð. Allt eru þetta atriði sem falla beint að vistkerfisnálgun.

Góð dæmi eru um samstarf og samráð matvælaráðuneytisins og stofnana þess við hagaðila t.d. við endurheimt vistkerfa á landi. Hér megi þó laga umgjörðina með ýmsum hætti svo sem varðandi skýrari og markvissari ráðgjöf og fjármögnun fjölbreyttari úrræða í landbúnaði varðandi beitarmál við mismunandi aðstæður og endurheimt vistkerfa og almennt varðandi mótvægisáðgerðir framkvæmdaáðila gegn loftslagsbreytingum. Ljóst er að núna er ákveðinn skoðanamunur og ágreiningur um ýmsa þætti þessara mála sem einungis verður leystur með markvissum samtölum, heildstæðri þekkingaröflun, skýrum áherslum og markmiðum. Hér þarf að koma til vönduð framkvæmdaáætlun við stefnur. Slíkar framkvæmdaáætlanir munu örugglega gera kröfu um breytingar á regluverki, sem og umfangi og stýringu á stuðnings- og styrkjakerfi stjórnvalda við framleiðslugreinar til að hvetja til vistkerfisnálgunar. Bent var á að dæmi séu um að fjárhagslegir hvatar í landnýtingu vinni gegn vistkerfisnálgun.

Tryggja þarf gott samráð við bændur og aðra landeigendur og ljóst er að samráð og samtöl þeirra í milli skipta miklu máli. Varðandi hafið var bent á að með enn markvissara samstarfi sjómanna, sjávarútvegsfyrirtækja og vísindamanna megi bæta þekkingargrunn og veiðiráðgjöf. Framkvæmdaáætlun um innleiðingu vistkerfisnálgunar verður að fela í sér þróun gagnsærra viðmiðana um starfsemi og þol vistkerfa og skýrar leikreglur um viðbrögð (viðurlög og sektir) ef slík viðmið eru ekki virt. Þannig þurfi eftirlit með framkvæmdum að vera skilvirkara og hafa þarf vistkerfisnálgun að leiðarljósi, t.d. þegar kemur að verndun og röskun votlendis, fellingu skóga eða eldi lagardýra.

Auka þarf samtal og samskipti milli stofnana matvælaráðuneytisins, við háskóla og aðrar fagstofnanir. Þetta málþing er dæmi um slíkt, og undirstrikar þörfina. Slíkt samtal styður við samræmdar áætlanir, samstarf um verkefni sem t.d. tengja og deila reynslu og þekkingu við vistkerfisnálgun ólíkra vistkerfa, á landi, í ferskvatni og sjó sem og að tryggja gæði rannsókna, miðlun þekkingar og notagildi hennar. Þetta er ein af grunnstoðum við innleiðingu heildstæðrar vistkerfisnálgunar og gera verður kröfu um gæðaviðmið rannsókna og þekkingar.

Tekið skal fram að þau atriði sem tíunduð eru í þessari samantekt, og beinast að vistkerfisnálgun auðlindanýtingar, hafa í mörgum tilfellum beina tilvísun til þeirra stefna sem samþykktar hafa verið eða eru í drögum hjá matvælaráðuneytinu.

Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar

Á vegum *Samningsins um líffræðilega fjölbreytni* hafa verið gefnar út leiðbeiningar um hvernig vinna skal að því að innleiða vistkerfisnálgun við nýtingu náttúrulegra auðlinda. Lögð eru til tvö meginverkefni til að ná þessu markmiði. Fyrra verkefnið gengur út á að skilgreina viðfangsefnið með víðtækum hætti en það síðara byggir á tólf skrefum sem mikilvægt er að fara í gegnum með kerfisbundnum hætti við innleiðingu vistkerfisnálgunar. Hér að neðan fer stutt framsetning á íslensku byggð á leiðbeiningum CBD, sjá: www.cbd.int/ecosystem/sourcebook.

Verkefni 1: Skilgreining á viðfangsefni

Í fyrstu er nauðsynlegt að skilgreina það kerfi sem beita á vistkerfisnálgun á. Er það hnignandi vistkerfi sem þarfnast betri umgengni (t.d. vegna uppblásturs, röskunar votlendis, ofveiði o.s.frv.) eða er um að ræða vistkerfi sem virðist hóflega nýtt, eða til stendur að nýta, og við þurfum að

skilja betur svo hægt sé að meta hvort nýting er sjálfbær til lengri tíma. Næg þekking á kerfi og vöktun á breytingum er forsenda þess að hægt sé að stuðla að sjálfbærri nýtingu.

Í þessu verkefni er mikilvægt að skilgreina hvaða vistkerfi um er að ræða, hver eru undir beinum áhrifum frá athafnasemi mannsins og hver undir óbeinum. Gera þarf úttekt á stöðu þekkingar á þessum kerfum, greina hvaða upplýsingar skortir og hvaða upplýsingum þarf að bæta. Spyrja þarf spurninga um samhengi vistkerfanna, bæði hvað varðar náttúru og samfélag. Hvert er landfræðilega samhengið? Hverjir eru hagaðilar, bæði með beinum hætti og óbeinum? Hvaða kerfum stjórnunar tengjast vistkerfin (oftast fleiri en eitt)? Hvaða hvatar tengjast nýtingu kerfanna og hverjir stjórna þeim hvötum? Hluta þarf kerfið í sundur og greina orsakir og afleiðingar: Hvaða þættir (náttúrufræðilegir, félagslegir, pólitískir o.s.frv.) hafa áhrif á vistkerfið eða þann hluta kerfisins sem til skoðunar er og hvaða áhrif geta þeir haft? Getur verið að óbreytt ástand eða breytingar á umgengni við kerfið leiði til keðjuverkandi áhrifa – ekki bara á vistkerfið sjálft heldur á umgengni manna við kerfið, félagslega þætti eða gildismat? Greina þarf hvað er í húfi við nýtingu eða vernd kerfisins, hvað varðar náttúru, hagræna þætti og menningu. Gagnlegt er að gera flæðirit af tengslum þátta og atburða. Slík myndrit gefa yfirlit yfir hvaða stofnanir, stjórnunareiningar og samfélög tengjast nýtingu auðlinda. Greina þarf hvar í ferlinu er mögulegt að koma á breytingum sem geta haft jákvæð áhrif á ferlið eða styrkt uppbyggjandi nálgun sem þegar er til staðar.

Þegar stýra á auðlindum samkvæmt vistkerfisnálgun er einnig mikilvægt er að spyrja hvort um raunverulegt vandamál við nýtingu sé að ræða? Vandamál við nýtingu auðlinda hafa stundum skapast þegar reynt er að ná stjórn á kerfum sem voru í lagi en félagsleg kerfi sem héldu utan um nýtinguna voru eyðilögð í leiðinni. Hér getur t.d. verið um að ræða samfélög heimamanna sem höfðu nýtt tiltekna auðlindir samkvæmt hefð um lengri tíma án þess að ganga á auðlindina. Að sama skapi geta vandamál skapast vegna keðjuverkunar í gegnum nýtingu sem virðist í fljótu bragði lítil. Því er eðlilegt og nauðsynlegt að koma á skipulegri vöktun og viðvörðunarkerfum, jafnvel á auðlindum sem virðast hóflega nýttar.

Verkefni 2: Tólf skref til að innleiða vistkerfisnálgun

Hér á eftir eru tólf skref sem mælt er með að tekin séu á vegferð til vistkerfisnálgunar samkvæmt samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Sjá má skrefin hér www.cbd.int/ecosystem/principles.shtml og nánari umfjöllun um þau hér www.cbd.int/ecosystem/sourcebook/.

Ekki er nauðsynlegt að fylgja öllum skrefunum tólf í hverju tilfalli en mikilvægt er að hafa þau til hliðsjónar og skoða hvort hvert og eitt tengist viðfangsefninu. Vistkerfisnálgun er ekki óskekikul uppskrift að því hvernig nýta á vistkerfi því alltaf þarf að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og

samhengis, bæði hvað varðar náttúru og samfélag. Þetta er öðru fremur gátlisti um þau atriði sem þarf að hafa í huga við vistkerfisnálgun hvað varðar gildismat, markmið og leiðir. Skrefin eru öll mikilvæg og eru ekki sett fram í forgangs röð. Nauðsynlegt getur verið að fara fram og aftur milli skrefanna en aðlögunarstýring (e. *adaptive management*) krefst þess að markmið og leiðir séu stöðugt endurskoðuð í ljósi nýrrar þekkingar.

1. *Hvernig er tryggt að allir hafi aðkomu að ákvarðanaferlinu og að tekið sé tillit til mismunandi sjónarmiða, gildismats og hagsmuna hvað varðar náttúru, hagræna og samfélagslega þætti svo eitthvað sé nefnt?* Þetta skref felur í sér að koma upp ferli (t.d. fundum) þar sem öll sjónarmiða njóta athygli og eru tekin alvarlega, og að þeir sem hafa áhuga fái aðkomu að málinu. Þetta felur einnig í sér að mismunandi stjórnunareiningar (t.d. ráðuneyti, sveitarfélög o.s.frv.) taki þátt, ekki aðeins sú eining sem kom ferlinu af stað.
2. *Hvernig er tryggt að stýring auðlindar sé sem minnst miðstýrð? Stýring auðlinda er oft markvissari ef hún er á ábyrgð þeirra sem eru sem næst auðlindinni.* Stefna ætti að því að draga úr miðstýringu eftir því sem við á. Þetta þýðir ekki að aðilar á öðrum stigum hafi ekki beina aðkomu (t.d. með vöktun, rannsóknunum, stuðningi, hvötum o.s.frv.). Mikilvægt er að skipulag ákvarðanatöku sé með þeim hætti að boðleiðir séu greiðar.
3. *Hvernig er tryggt að tekið sé tillit til annarra vistkerfa en þess sem á að nýta?* Fæst vistkerfi eru einangruð svo keðjuverkandi áhrif, út fyrir það vistkerfi eða svæði sem á að nýta, eru oft líkleg. Hér getur t.d. verið um að ræða áhrif sem verka milli lands og sjávar eða áhrif sem verka á stærri svæðum en þeim sem stjórnunin nær til (t.d. mælikvarða einstakra landeigna eða svæða). Þetta geta verið áhrif á þætti eins og líffræðilega fjölbreytni, vatn, loft eða jarðveg.
4. *Hvernig má greina hagræn áhrif til að lágmarka neikvæð áhrif markaðar eða hagrænna hvata á líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu?* Þetta felur í sér að gaumgæfa þarf þau hagrænu öfl og hagsmuni sem geta haft áhrif á nýtingu auðlindar, til dæmis sem afleiðingar af niðurgreiðslum, sköttum og öðru slíku. Gæta verður mjög vel að þessum þáttum því erfitt er að varðveita vistkerfi ef ofnýting þeirra felur í sér fjárhagslegan ávinning.
5. *Hvernig á að stuðla að vernd vistkerfa og vistkerfisþátta til að viðhalda virkni kerfanna?* Til að tryggja heilbrigði vistkerfa og að þau skili þeim ávinningi sem vænta má er nauðsynlegt að afla upplýsinga um virkni þeirra. Hér má nefna tengsl á milli og innan tegunda, tengsl tegunda við ólífrænt umhverfi sitt og breytileika í þessum þáttum. Einnig er mikilvægt að hafa yfirlit yfir áhrif manna á kerfið og með hvaða hætti gildismat þeirra og þarfir hafa áhrif á kerfið.

6. *Hvaða ráðstafanir má gera til að tryggja að nýting vistkerfa skaði ekki virkni þeirra?* Þetta felur í sér vísindalegt mat á áhrifum nýtingar með varúðarregluna að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að greina nýtingar- eða notkunarmynstur sem eru ósjálfbær og þróa þarf tillögur til úrbóta í samvinnu allra hagaðila. Uppfæra þarf áætlanir og hugmyndir um nýtingu út frá niðurstöðum mælinga með því að beita aðlögunarstýringu.
7. *Út frá hvaða mælikvörðum í tíma og rúmi, þarf að nálgast viðfangsefnið?* Hér þarf að greina stærð vistkerfisins sem til umfjöllunar er sem og þær stofnanir og aðila sem vistkerfinu tengjast. Hér gæti verið um að ræða lítið stöðuvatn, heilt úthaf eða eitthvað þar á milli og stjórnunin gæti þannig verið í höndum einstaklinga, sveitarfélaga eða heillra þjóðríkja. Einnig er mikilvægt að greina hvort málið er brýnt og krefst tafarlausrar íhlutunar eða hvort um er að ræða verkefni sem þarf að skoða yfir löng tímabil, jafnvel æviskeið nokkurra kynslóða, því tímabilið hefur einnig áhrif á hverjir koma að málinu. Viðfangsefni sem fela í sér stjórnun á mjög flóknum kerfum yfir langan tíma fela alltaf í sér verulega óvissu. Ómögulegt er að sjá fyrir allar breytingar á kerfinu en hægt er að þróa kerfisbundna yfirsýn til að aðilar málsins séu sem best undirbúnir undir óvæntar breytingar.
8. *Hvernig má taka tillit til atburða með seinkaðri virkni (e. lag-effects)?* Vistkerfi eru margbrottin og stundum koma afleiðingar nýtingar og aðgerða til verndar vistkerfum ekki fram fyrir en að einhverjum tíma liðnum. Þessi áhrif geta verið ófyrirsjáanleg. Því er nauðsynlegt að vakta breytingar á viðeigandi vistkerfum á fullnægjandi hátt. Þetta er oft hægt að gera í samstarfi vísindafólks og þeirra sem eiga staðbundinna hagsmuna að gæta og/eða koma að nýtingunni.
9. *Hvernig má nýta aðlögunarstýringu (e. adaptive management) til að leysa vandamál sem upp koma?* Þar sem vistkerfi eru fjölbætt er mikilvægt að stýring og nýting taki tillit bæði til breytinga sem verða af náttúrunnar völdum og beint af manna völdum. Þetta tvennt getur líka oft spilað saman. Þótt erfitt geti verið að skilgreina ákveðin mörk fyrir lykilkætti vistkerfa getum við aðlagð áhrif okkar á vistkerfið út frá niðurstöðum vöktunar á breytingum. Þetta er ein meginástæðan af hverju stýring og nýting þarf að vera sprottin úr nærumhverfinu því auðveldara er að breyta áhrifum á vistkerfi á þeim mælikvarða heldur en með breytingum á stefnumótun á efri stigum, s.s. með lagabreytingum.
10. *Hvernig má ná viðunandi jafnvægi á milli verndar og nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni?* Markmiðið hér er ekki að skipta vistkerfinu upp í verndaða og nýtta hluta heldur að finna viðeigandi jafnvægi sem tryggir að nýting sé sjálfbær, svo að tekið sé tillit til nýtingar og félagslegra þátta, jafnframt því að líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið fyrir framtíðarkynslóðir.

11. *Hvernig á að tryggja að mismunandi þekking, s.s. vísindaleg, staðbundin og menningarleg, nýtist við stefnumótun?* Vistkerfi eru mismunandi og taka þarf tillit til þess við skipulag nýtingar. Vísindalegar upplýsingar og margs konar staðbundin þekking geta spilað saman við skipulag og þróun nýtingar. Mikilvægt er að koma á skilvirkri samvinnu vísindafólks og þeirra sem hafa bein afskipti af stjórnun nýtingar og verndar og tryggja að upplýsingar berist greiðlega á milli. Mikilvægt er að samskipti séu opinská og aðgengileg fyrir alla hlutaðeigandi. Þátttaka almennings og menntun eru mikilvæg til að tryggja farsæla langtímastjórnun auðlinda.
12. *Hvernig er hægt að tryggja að allir hagaðilar, s.s. mismunandi hópar samfélagsins og mismunandi vísindagreinir hafi aðkomu að málum?* Vistkerfi hafa fjölbreytt gildi fyrir mismunandi samfélög, ekki aðeins hagrænt heldur einnig félagslegt, menningarlegt og siðferðislegt. Því er nauðsynlegt að hagaðilar séu skilgreindir á sem allra víðtækastan hátt. Allir hafa hag af því að vistkerfi starfi eðlilega og séu nýtt á sjálfbæran hátt. Vistkerfisnálgun krefst þverfaglegar nálgunar þar sem náttúruvísindum, félagsvísindum og hugvísindum er beitt saman eftir því sem við á. Mikilvægt er að koma á kerfi þar sem allir hagaðilar eiga innihalds- og árangursrík samskipti um þróun verkefnis, ákvarðanatöku og innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Tillögur BIODICE um aðgerðir til að greiða fyrir innleiðingu vistkerfisnálgunar

Til að ná árangri við innleiðingu vistkerfisnálgunar inn í margvísleg verkefni er varða auðlinda-nýtingu og matvælaframleiðslu leggur BIODICE til eftirfarandi forgangsáðgerðir.

Aðgerðirnar eru skilgreindar út frá þremur megin markmiðum sem eru:

- A) Að bæta þekkingargrunn vistkerfisnálgunar.
- B) Að bæta umgjörð við innleiðingu vistkerfisnálgunar.
- C) Að bæta framkvæmd vistkerfisnálgunar.

Gera má ráð fyrir að hverja aðgerð þurfi að útfæra sérstaklega fyrir ólíka geira t.d. fyrir sjávarútveg, landbúnað, skógrækt og landgræðslu, lagareldi, skipulag landnotkunar o.fl. þar sem viðfangsefni geta verið mjög ólík og rannsóknar- og hagaðilar margir og mismunandi. Horfa ætti til þess við eftirfylgni stefnumörkunar í ólíkum geirum. Engu að síður eru fjölmörg almenn atriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar sem skynsamlegt/nauðsynlegt er að samræma milli viðfangsefna/geira og samnýta ber afurðir sem mest til að gæta hagkvæmni. Þar er gagnlegt að hafa tólf skrefa nálgun CBD til hliðsjónar.

Að bæta þekkingargrunn vistkerfisnálgunar.

Til að ná fram markmiði A) um að bæta þekkingargrunn vistkerfisnálgunar eru eftirfarandi aðgerðir lagðar til:

A1) Grunngreining á stöðu þekkingar.

Framkvæma þarf grunngreiningu/stöðumat með því að rýna grunnupplýsingar sem liggja fyrir og eru grundvöllur ákvarðanatöku. Hvernig og hvaða upplýsingum er safnað um vísindaleg viðfangsefni s.s. einkenni, flokkun, útbreiðslu og ástand lykilvistkerfa og -lífvera? Hvernig er söfnun, varðveislu, úrvinnslu, birtingu og notkun lykilgagna háttáð? Hvaða aðilar stunda rannsóknir? Hvernig eru grunninnviðir fyrir vísindalegar rannsóknir? Hvernig er upplýsingum frá hagaðilum/almennungi safnað og hvernig eru þær nýttar við ákvarðanatöku? Hvernig er upplýsingum miðlað? Hver eru stærstu þekkingargötin? Hverju þarf að viðhalda og hverju að breyta? Hverju þarf að bæta við? Hvar og hvernig er mest þörf á úrbótum og hvernig er fylgst með slíkri þörf? Þessi aðgerð vísar til verkefnis 1 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Ábyrgð: Matvælaráðuneyti, önnur ráðuneyti (eins og við á). Viðeigandi rannsóknar/fagstofnanir hverju sinni.

Áfurðir: Stöðuskýrslur fyrir ólíka geira með tillögum að nauðsynlegum aðgerðum til úrbóta, forgangsröðun og kostnaðarmati.

A2) Gerð rannsóknaráætlunar fyrir vísindalegar rannsóknir til að styrkja vísindalegan þekkingargrunn vistkerfisnálgunar.

Í kjölfar grunngreiningar er unnin tímasett áætlun um framkvæmd grunnrannsókna á því fagsviði sem við á hverju sinni. Áætlunin getur falið í sér tímabundnar átaksrannsóknir t.d. við kortlagingu vistkerfa til að bæta grunnögn, eða að setja af stað langtímavöktun á lykilþáttum til að meta ástand og fylgjast með breytingum. Útskýra þarf tilgang og hlutverk hvers rannsóknarþáttar í samhengi við beitingu vistkerfisnálgunar. Skilgreina þarf lykilaðila s.s. vísinda- og fagstofnanir ríkisins og aðra samstarfsaðila eins og við á, einnig erlenda. Tilgreina þarf nauðsynlega fagþekkingu og mannauð, tækjabúnað og aðra innviði. Tilgreina þarf hvernig niðurstöður rannsókna verða birtar / þeim miðlað m.a. til stjórnvalda / hagaðila. Áætluninni þarf að fylgja kostnaðargreining og tillögur að fjármögnunarleiðum eins og við á. Þessi aðgerð vísar til verkefnis 1., 5. og 8. skrefs og verkefnis 2 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Ábyrgð: Matvælaráðuneyti, önnur ráðuneyti (eins og við á). Viðeigandi rannsóknar/fagstofnanir hverju sinni.

Afurðir: Tímasettar rannsóknaráætlanir fyrir ólíka geira með fylgjandi kostnaðar/fjármögnunaráætlun.

A3) Gerð áætlunar fyrir öflun þekkingar frá hagaðilum um viðfangsefni vistkerfisnálgunar.

Nauðsynlegt er að nýta betur sértæka þekkingu frá hagaðilum s.s. stjórnendum og starfsfólki í tengdum atvinnugreinum, landeigendum, stjórnmalafólki og almenningi um viðfangsefni vistkerfisnálgunar. Greina þarf hvers eðlis og hvernig best sé að safna, nýta og miðla slíkri þekkingu; hvernig gæði hennar eru metin og hún er samþætt við þekkingu úr vísindalegum rannsóknum. Þekkingin getur tengst eðli og sérkennum vistkerfa og lífvera, verið um svæðisbundnar / árstíðabundnar aðstæður, sögulega þætti, áhrif nýtingar á vistkerfi, aðlögunarhæfni nýtingaraðferða við umhverfislegum breytingum, samfélagsleg áhrif o.fl. Skilgreina þarf markviss kerfi til að safna upplýsingum t.d. með könnunum, viðtölum, vinnufundum, gagnagáttum, notkun snjallhugbúnaðar o.fl. Greina þarf hvernig samtengingu við vísindalega gagnaöflun er best háttáð og tryggja þarf gegnsæi við úrvinnslu og framsetningu. Skoða þarf tækifæri fyrir þátttöku hagaðila og almennings í söfnun vísindalegra upplýsinga. Þessi aðgerð vísar til verkefnis 1 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Ábyrgð: Matvælaráðuneyti, önnur ráðuneyti (eins og við á).

Afurðir: Sértækar áætlanir um þekkingaröflun frá hagaðilum fyrir ólíka geira. Ýmis sértæk átaksverkefni. Sjá 8. skref verkefnis 2 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar

A4) Greining á tækifærum til að efla menntun um lykilþætti vistkerfisnálgunar – líffræðilega sem samfélagslega.

Bætt almenn þekking og skilningur á grundvallarhugmyndafræði og hlutverki vistkerfisnálgunar er nauðsynleg til að auka sátt og samstöðu um tilgang og beitingu hennar. Nauðsynlegt er að rýna hvernig efla megi umfjöllun um vistkerfisnálgun í menntun á ólíkum menntastigum í samráði við lykiláðila s.s. hlutaðeigandi ráðuneyti, mennta- og fagstofnanir, sérfræðinga, hagaðila o.fl. Greina þarf hvaða námsgreinar/leiðir skipta þar mestu máli og hvort/hvernig vistkerfisnálgun komi við sögu í því námi í dag. Í því sambandi þarf sérstaklega að rýna starfsmiðað nám á framhalds/háskólastigi í viðeigandi greinum t.d. sérnám í sjávarútvegi, lagareldi, landbúnaði, skógrækt, landgræðslu, skipulagsfræðum o.fl. Einnig þarf að skoða grunnnám í lykilgreinum náttúruvísinda- og samfélagsgreina á grunn- og framhaldsskólastigi. Rýna þarf námskrár og námsefni og koma með

tillögur að breytingum. Mikilvægt er að skoða sértæk átaksverkefni á vegum t.d. hagaðila, sveitarfélaga, félagasamtaka o.fl.

Ábyrgð: Samstarf ráðuneyta (matvæla-, umhverfis-, orku-, loftslags-, háskóla- og vísinda-, barna- og menntamála) og viðeigandi fagstofnana.

Afurðir: Almenn samantekt um vistkerfisnálgun í núverandi menntakerfi. Sértækar greiningar fyrir ólíka geira.

A5) Gerð áætlunar um menntaáttak í samráði við menntastofnanir á öllum skólastigum.

Fylgja þarf eftir greiningu um tækifæri til að efla menntun með áætlun um nauðsynlegar / skynsamlegar viðbætur/breytingar á námsleiðum/námskrám/námsefni á ólíkum skólastigum eins og við á. Vinna þarf áætlunina í samstarfi við hlutaðeigandi ráðuneyti, mennta- og fagstofnanir og hagaðila. Sértækar áætlanir eru nauðsynlegar fyrir ólíkar námsleiðir / námsstig og eftir viðfangsefnum hverju sinni. Áætlunin þarf að vera tímasett og kostnaðarmetin. Þessi aðgerð vísar til 11. skrefs verkefnis 2 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Ábyrgð: Samstarf ráðuneyta (matvæla-, umhverfis-, orku-, loftslags-, háskóla- og vísinda-, barna- og menntamála) og viðeigandi fagstofnana.

Afurðir: Sértækar áætlanir fyrir starfs/fagnám á háskólastigi tengt geirum. Sértæk áætlun fyrir nám um vistkerfisnálgun á framhaldsskólastigi. Sértæk áætlun fyrir nám um vistkerfisnálgun á grunnskólastigi.

A6) Almennt fræðsluáttak um vistkerfisnálgun.

Samhliða átaki í menntakerfinu þarf að bæta almenna vitund um hlutverk og eðli vistkerfisnálgunar og hvernig henni er beitt við ákvarðanatöku tengt auðlindanotkun af ýmsum toga. Vinna þarf áætlun sem tilgreinir ólík átaksverkefni varðandi fræðslu til almennings s.s. námskeið, gerð fræðsluefnis, samþættingu upplýsingamiðlunar ólíkra geira, þátttöku almennings í gagnaöflun (e. *citizen science*), þátttökulýðræðisverkefni o.fl. Horfa þarf til mismunandi þarfa ólíkra hópa m.t.t. útfærslna varðandi þátttöku, upplýsingamiðlun o.fl. Rýna þarf tækifæri í nýrri tækni. Viðfangsefni fræðslunnar þurfa að spanna breidd málefnsins – allt frá líffræði til lýðræði. Tryggja þarf aðkomu ólíkra hagaðila með áherslu á samstarf. Þessi aðgerð vísar til 11. skrefs verkefnis 2 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Ábyrgð: Matvælaráðuneyti í samstarfi við önnur viðeigandi ráðuneyti og ýmsa aðra aðila.

Afurðir: Reglulega uppfærð fræðsluáætlun. Ýmis sértæk fræðsluverkefni.

Að bæta umgjörð við innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Til að ná fram markmiði B) um að bæta umgjörð við innleiðingu vistkerfisnálgunar eru eftirfarandi aðgerðir lagðar til:

B1) Að greina nauðsynlegar breytingar á lögum og regluverki.

Farsæl innleiðing vistkerfisnálgunar er einungis tryggð með öflugri lagastoð og burðugu regluverki. Því er forgangsatriði að fara í gaumgæfilega greiningu á hvernig núgildandi lagarammi og regluverk tekur á málefnum og hvaða breytingar séu nauðsynlegar. Tilgreina þarf hvaða núgildandi lög og reglugerðir komi þar við sögu og hvort/hvernig framkvæma eigi breytingar á þeim og/eða meta þörf á nýrri lagasetningu. Rýna þarf vel alla málaflokka þessu tengda og móta samræmda stefnu um hvernig best sé staðið að umfjöllun um vistkerfisnálgun og framsetningu lagaákvæða sem tryggja innleiðingu hennar.

Ábyrgð: Ríkisstjórn og Alþingi. Ýmis ráðuneyti.

Afurðir: Samantekt á stöðu og tillögur að breytingum. Samþykkt frumvörp/útgefn lög um lagabreytingar/nýja löggjöf. Samþykktar og útgefnar reglugerðir.

B2) Að skipa vísindalegt fagråd um líffræðilega fjölbreytni sem veitir ráðgjöf þvert á málaflokka.

Að vernda líffræðilegra fjölbreytni og tryggja sjálfbæra nýtingu hennar er grundvallaratriði vistkerfisnálgunar. Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er ein stærsta áskorun sem nútímasamfélög standa frammi fyrir samhliða áhrifum loftslagsbreytinga, en málin eru vitaskuld nátengd. BIODICE telur tímabært að styrkja sess málefna líffræðilegrar fjölbreytni þegar kemur að stefnumótun og ákvarðanatöku á Íslandi. Því er lagt til að stjórnvöld stofni sérstakt vísindalegt fagråd sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi þegar kemur að pólitískri stefnumörkun sem og sérstaklega innleiðingu vistkerfisnálgunar í ólíkum geirum. Lykilatriði er að ráðið veiti óhlutdrægt álit byggt á faglegu mati. Ráðið verði skipað sérfræðingum úr ólíkum fræðasviðum (helst utan hagsmuna/stjórnsýslu). Tryggja þarf að ráðið hafi lagalegt umboð til að veita ráðgjöf til ólíkra ráðuneyta/stofnana/hagaðila. Ráðið leiti til alþjóðlegra ráðgjafa þegar þörf er á til að styrkja faglegan grunn þess og tryggja óhlutdrægni. Þessi aðgerð vísar til 3. og 11. skrefs verkefnis 2 í kaflanum Lykilatriði varðandi innleiðingu vistkerfisnálgunar.

Ábyrgð: Ríkisstjórn.

Afurð: Nýtt fagråd um líffræðilega fjölbreytni og nauðsynleg umgjörð fyrir starf þess.

B3) Að skipa þverfaglega samstarfsnefnd milli ráðuneyta/lykilstofnana/hagaðila til að tryggja samfellu og samþættingu við innleiðingu vistkerfisnálgunar á ólíkum sviðum sem og samlegð við aðra tengda málaflokka (t.d. náttúruvernd, hollustuvernd, lýðheilsu, loftslagsmál, atvinnu- og samfélagsþróun, byggðamál, skipulagsmál, menntamál, nýsköpun og tækniþróun, ferðaþjónusta, neytendamál, markaðssetningu afurða, fjárfestingar, tryggingar o.fl.).

